



STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN GARÐASKÓLA

2016-2017



INNIHALD

Símenntunarnefnd 2016-2017	2
Helstu áherslur í starfsþróunaráætlun Garðaskóla	2
Starfsþróunarverkefni í Garðaskóla 2016-2017	3
Hvað er starfsþróun?.....	4
Starfsþróun – réttindi og skyldur	5
Fjármögnun starfsþróunar	5
Leikreglur um framkvæmd starfsþróunar	6
Endurskoðun starfsþróunaráætlunar.....	7
Staða starfsþróunarverkefna í lok skólaársins 2015-2016	8

SÍMENNTUNARNEFND 2016-2017

- Brynhildur Sigurðardóttir
- Guðný Þóra Friðriksdóttir
- Halla Thorlacius
- Hildur Rudolfsdóttir
- Ingimar Waage
- Vigdís Björk Agnarsdóttir

HELSTU ÁHERSLUR Í STARFSÞRÓUNARÁÆTLUN GARÐASKÓLA

Í Garðaskóla er starfsþróunaráætlun byggð á eftirfarandi áherslupáttum:

- allir starfsmenn hafi svigrúm til að þróa færni sína og þekkingu á því sviði sem þeir hafa mestan áhuga á og þjónar þörfum skólans.
- allir starfsmenn þekki hugmyndafræði og vinnubrögð Uppbyggingarstefnunnar og beiti þeim í daglegu starfi.
- allir starfsmenn búi yfir grunnfærni í barnavernd, skyndihjálp og eldvörnum.
- allir kennarar taki þátt í þróun kennsluhátta og námsmats í takt við kröfur aðalnámskrár 2011/2013. Þar á meðal er starfsþróun sem lýtur að vinnu með grunnþætti menntunar í skólastarfinu: læsi, heilsu og velferð, jafnrétti, mannréttindi og lýðræði, sköpun og sjálfbærni. Allir kennarar taka þátt í kennslustundarýni sem lið í að þróa sig í starfi.

ÁKVEÐIN VERKEFNI Í ÁÆTLUNINNI ERU UNNIN Á NOKKURRA ÁRA FRESTI:

Verkefni	Hversu oft	Hvenær haldið síðast?
Uppbyggingarstefnan – allir starfsmenn	á fimm ára fresti	júní 2016
Uppbyggingarstefnan – málfundir	á hverju ári	ágúst 2012
Velferð barna og ungmenna í Garðabæ: <ul style="list-style-type: none">• Námskeið A: barnavernd• Námskeið B: kynheilbrigði og jafnrétti• Verndarar barna (Blátt áfram)	á fimm ára fresti, styttri upprifjun á hverju ári	<ul style="list-style-type: none">• A: haust 2016• B: haust 2016• VB: haust 2009
Skyndihjálparnámskeið – grunnur	á fjögurra ára fresti	júní/ágúst 2012
Skyndihjálparnámskeið – verklegt	á fjögurra ára fresti	júní/ágúst 2014
Eldvarnarnámskeið	á fimm ára fresti	haustið 2013
Öryggisnámskeið starfsmanna í og við sundlaug	próf á þriggja ára fresti eða námskeið á hverju ári	Námskeið/próf vorið 2015



STARFSÞRÓUNARVERKEFNI Í GARÐASKÓLA 2016-2017

Hver?	Hvað?	Hvenær?
Allir starfsmenn	Uppbyggingarstefnan, fagmennska og lýðræði: - tveggja daga námskeið júní 2016 - samræðufundur í ágúst, janúar og eftir þörfum	Júní 2016. Umræðufundur starfsmanna yfir skólaárið.
Allir starfsmenn	Velferð í Garðabæ – námskeið um vinnubrögð í ofbeldisforvörnum, kynheilbrigði og réttum viðbrögðum starfsmanna.	Námskeið A og B haldin á haustönn 2016.
Allir starfsmenn	Skyndihjálp – grunnur, upprifjun	Júní eða ágúst 2017. Kennari Sigurður Valmundarson.
Íþróttakennarar	Skyndihjálp og björgun fyrir kennara og annað starfsfólk sundstaða/hæfnispróf	Apríl/maí 2017.
Fagmenntaðir starfsmenn	Endurskoðun skólanámskrár: hæfnimiðað nám, námsmat og innra mat skóla. Þekking sótt til Shoeburyness High School í skólaheimsókn júní 2016. Unnið í samstarfi við Erasmus+ verkefni ef styrkumsókn verður samþykkt.	Skólaheimsókn júní 2016. Aðstoðarskólastjóri stýrir þróunarvinnu allt skólaárið.
Allir kennarar	Kennslustundaryni: <ul style="list-style-type: none"> kennarar finna sér félag og heimsækja hver aðra með gátlista. stjórnandi situr kennslustund með gátlista samtöl aðila í kjölfar innlita 	Jafningjaryni einu sinni á hvorri önn. Innlit stjórnanda einu sinn á ári.
10-20 kennarar og stjórnendur	SKÍN – Innra mat til eflingar faglegs skólstarfs – Framhald þróunarverkefnis í samstarfi við og Hofsstaðaskóla.	Í vinnslu allt skólaárið.
Fagmenntaðir starfsmenn	Menntabúðir í upplýsingatækni	11. ágúst 2016
Allir starfsmenn	Upplýsingatækni. T.d. námskeið um notkun á forritum og öppum, One skjalavistunarkerfi, Námfús námskerfi, Vinnustund starfsmannakerfi o.fl. Kennsluráðgjafi kennir að miklu leyti.	Örnámskeið eftir þörfum allt skólaárið.
Fagkennarar, sérkennarar og kennsluráðgjafi	Láttu tæknina vinna með þér. Þróunarverkefni um vinnu hljóðskráa með prófum.	Ágúst 2016 – námskeið. Þróunarverkefnið í vinnslu allt skólaárið.
Fagmenntaðir starfsmenn	Lesblinda, tækni og læsi fyrir alla. Námskeið og ráðgjöf frá félagi lesblindra.	Ágúst 2016 – námskeið.
Umsjónarkennarar og aðrir áhugasamir	Efling umsjónarkennslu í Garðaskóla: - bekkjarfundir - markmiðssetningar samtöl með nemendum	Ágúst 2016. Eftirfylgni október, janúar.
Kennarar í textíl	Innleiðing nýsköpunar í textíl – þróunarverkefni í samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.	Í vinnslu allt skólaárið.
Íþróttakennarar	Námskrá í íþróttum í grunnskólum Garðabæjar. Mælingar á heilsu nemenda. Þróunarverkefni.	Í vinnslu allt skólaárið.
Kennarar í myndmennt	Listnám og siðferði – þróunarverkefni myndmenntakennara	Í vinnslu allt skólaárið.
Skólaliðar	Fræðsla um flokkun og umhverfisvæn þríf í skólanum	Janúar 2017
Allir starfsmenn	Heilsuefning – Garðaskóli er heilsuefandi skóli: <ul style="list-style-type: none"> gönguferðir starfsmanna þátttaka í hjólað í vinnuna núvítund/hugleiðsla 	Í vinnslu allt skólaárið. Heilsudagar Garðaskóla 2. og 6. júní.
Allir starfsmenn	Starfsþróunarverkefni að eigin vali.	Í vinnslu allt skólaárið.

TÍMALÍNA STARFSÞRÓUNARVERKEFNA 2016-2017



HVAÐ ER STARFSÞRÓUN?

Menntun er ævilangt ferli. Símenntun og starfsþróun er mikilvæg til þess að auka þekkingu og færni starfsfólks, stuðla að þróun í starfi og auka starfsánægju þess. Hver starfsmaður ber ábyrgð á því að viðhalda færni sinni og endurnýja þekkingu. Allt sem starfsmaður gerir til að ná þessu marki flokkast sem starfsþróun. Starfsþróunina má vinna á eigin vegum m.a. með lestri, rannsóknum og netleiðingrum. Hana má líka vinna í samvinnu við annað fagfólk, t.d. í þróunarverkefnum innan skólans eða milli skóla. Að lokum getur starfsþróun farið fram með því að starfsmaður sækir námskeið eða stundi annað formlegt nám í símenntunarskólum, háskólum eða öðrum menntastofnunum.

Starfsþróun skiptir miklu máli af því að kröfur til kennara og annars starfsfólks skóla eru stöðugt að breytast og jafnvel aukast:

- nýjar áherslur í menntamálum
- nýjar kennsluaðferðir, einstaklingsmiðað nám
- auknar kröfur gerðar um sveigjanleika í starfi.

Mikilvægt er að hver fagstétt standi sem best að vígi og að hver og einn hugi að eigin símenntun og þróun í starfi. Öflug símenntun skilar sterkari og ánægðari starfsmönnum sem þróa góðan skóla áfram til frekari afreka.

Þegar rætt er um símenntun og starfsþróun hættir mönnum til að einangra hugmyndir um símenntun við námskeið, fræðsluerindi og fræðslufundi. Það er hins vegar mikilvægt að tengja saman formlega og óformlega fræðslu til að öðlast tilætlaða hæfni.

Kennurum er bent á að fylgjast vel með framboði á fræðslu og námskeiðum á vefnum:

<http://kennarar.menntagatt.is/>

Garðaskóli tekur þátt í [Menntaklifi](#) sem er samstarfsvettvangur grunnskólanna í Garðabæ. Hugmyndafræði Menntaklifsins gerir ráð fyrir að starfsþróun skóla sé fjórskipt verkefni, svokallað VAXA líkan¹:

Fjórþætt starfsþróun	Markmið og sameiginleg sýn	Leiðir
Fagmennska	Menntaðir og hæfir starfsmenn og fagleg forysta	starfsmannaviðtal – eftirfylgni/handleiðsla – ferilmappa – sjálfstýrt nám
Einstaklingur	Velferð og ánægja starfsmanna	hollusta – næring – hreyfing – smiðjur – fyrirlestrar – jákvæð skólamenning
Faglegt samstarf	Þverfagleg samvinna starfsfólks innan skóla, milli skóla og við stoðþjónustu	tilheyra starfssamfélögum – nýting félagsmiðla – jafningjastuðningur – samstarfsverkefni - teymisvinna
Aðlögun og innleiðing skóla- og menntastefnu	Skólinn sem lærdómssamfélag sem þróar eigin leiðir í takt við umhverfi og samfélag	uppbygging lærdómssamfélags – sjálfsmat skóla – nýsköpun í þróun kennsluhátta

¹ Ásta Sölvadóttir. (2013). *VAXA starfsþróunarlíkanið. Heildræn nálgun í starfsþróun kennara*. Lokaverkefni til M.Ed. prófs, Háskóli Íslands, Menntavísindasvið.

STARFSÞRÓUN – RÉTTINDI OG SKYLDUR

Starfsþróunaráætlun Garðaskóla er sett saman til að vinna að markmiðum sem lýst er í Lögum um grunnskóla nr. 91/2008 gr. 12 og kjarasamningum Sambands íslenskra sveitarfélaga (SÍS) við Kennarasamband Íslands (KÍ), Proskapjálfafélag Íslands og Starfsmannafélag Garðabæjar. Áætlunin er unnin af símenntunarnefnd skólans í samráði við skólastjórnendur og hún er endurskoðuð á hverju vori.

Í [kjarasamningi FG og SÍS sem tók gildi 1. maí 2014 og byggir á fyrri samningi](#) segir: „Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti: Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi... Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetur á grundvelli sjálfsmats skóla.... Kennurum er skylt að fara á námskeið sem þeim er ætlað að fara á skv. símenntunaráætlun skóla, enda sé hún gerð skv. ákvæðum kjarasamnings og kennurum að kostnaðarlausu“ (kafla 10.2). Sambærileg ákvæði má finna í kjarasamningum annarra starfsmanna í grunnskólum.

Kjarasamningar og fjárveitingar til skólans ráða miklu um umfang starfsþróunar hverju sinni. Samkvæmt kjarasamningum kennara eru ætlaðar 150/126/102 klst. til starfsþróunar og undirbúnings utan starfsamma skólaársins. Heildartalan er breytileg eftir lífaldri og starfshlutfalli. Ef starfsþróun er unnin á starfstíma skóla þá leggst álag á þessa vinnu og tímum sem vinna þarf fækkar sem því nemur. Álag er 33% á verkefni unnin í á virkum dögum en 45% á verkefni unnin um helgar. Kjarasamningar annarra starfsmanna gefa ekki upp ákveðinn tímafjölda til starfsþróunar.

FJÁRMÖGNUN STARFSÞRÓUNAR

Skólinn og starfsmenn skipta kostnaði við starfsþróun á milli sín. Starfsmenn nýta styrki úr endurmenntunarsjóðum hjá stéttarfélögum og öðrum þróunarsjóðum til að fjármagna starfsþróun sína. Skólinn fjármagnar verkefni sem ætluð eru öllum starfsmönnum eða eru sérstaklega tilgreind á annan hátt í starfsþróunaráætluninni.

Fjármögnun starfsþróunar má lýsa með eftirfarandi mynd:

Vinnustaður greiðir 100%	Vinnustaður og starfsmaður skipta kostnaði á milli sín	Starfsmaður greiðir 100%
Vinnustaður greiðir laun starfsmanns og þátttökugjöld	Vinnustaður greiðir laun en starfsmaður annan kostnað (með styrkjum t.d. úr sjóðum KÍ)	Með styrkjum eða úr eigin vasa
Verkefni unnin skv. símenntunaráætlun skólans. Starfstengd þátttaka að ósk stjórnenda inna/utan vinnutíma.	Starfstengd verkefni en ekki forgangsmál – þátttaka innan/utan vinnutíma. Hugsanlega starfstengd, að ósk starfsmanns og utan vinnutíma.	Óljós eða engin tengsl við núverandi vinnustað eða framtíðarstarf hjá vinnuveitanda

Sjóðir sem starfsmenn geta sótt um styrki til eru m.a.:

- [Endurmenntunarsjóðir Kennarasambands Íslands](#) (t.d. þróunarstarf, námslaun, námskeiðsgjöld, ferðastyrkir)
- [Sjóðir Starfsmannafélags Garðabæjar](#)
- [Sjóðir BHM](#) (fyrir proskapjálfa o.fl.)
- [Sprotasjóður](#) (styrkir þróunarstarf)
- [Endurmenntunarsjóður grunnskóla](#) (skólar sækja um styrki)

Að venju sækir Garðaskóli um styrk úr Endurmenntunarsjóði grunnskóla til að fjármagna helstu starfsþróunarverkefni á árinu 2016-2017 og í þessari áætlun er gert ráð fyrir að styrkur þaðan standi undir

kostnaði við uppbyggingarstefnunámskeið Judy Anderson. Starfsmenn skólans hlutu umtalsverða styrki til þróunarverkefna úr Þróunarsjóði grunnskóla í Garðabæ. Þar má helst telja styrki til framhalds á samstarfsverkefni með Hofstaðaskóla (SKÍN verkefnið); styrk til þróunar á hljóðskráum með prófum og frekari notkunar upplýsingatækni í skólastarfi; samstarfsverkefni grunnskólanna í Garðabæ að þróun sameiginlegrar námskrár í íþróttum og mælingum á heilsufari nemenda. Textílkennari stendur að samstarfsverkefni með Menntavísindasviði Háskóla Íslands um að þróa nýsköpunarmennt og hlaut verkefnið styrk úr Sprotasjóði.

LEIKREGLUR UM FRAMKVÆMD STARFSÞRÓUNAR

Starfsþróun er samstarfsverkefni hvers starfsmanns og skólans sem stofnunar. Vilji og viðhorf starfsmanna skipta öllu máli varðandi það hvort starfsþróunin nýtist honum vel eða ekki.

Ábyrgð skólans: Skólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu starfsþróunaráætlana. Aðstoðarskólastjóri og símenntunarnefnd eru skólastjóra til aðstoðar.

Ábyrgð starfsmanna: Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin starfsþróun, þ.e. að koma auga á tækifæri til að bæta kunnáttu og hæfileika. Það tekur virkan þátt í gerð eigin starfsþróunaráætlunar, fylgir henni eftir og óskar eftir aðstoð ef þörf krefur. Það tekur einnig virkan þátt í gerð starfsþróunaráætlunar skólans. Starfsfólk greinir skólastjóra frá þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Hver starfsmaður ber ábyrgð á að halda skrá um þátttöku sína í símenntun og öðrum starfsþróunarverkefnum og tímamagn sem í þessi verkefni fer. Þessa samantekt kynnir starfsmaðurinn í starfsmannaviðtali ár hvert.

Sótt um námskeið: Starfsmenn sækja um námskeið til stjórnenda í starfsmannasamtölum en einnig á öðrum tíma ef þurfa þykir. Forgangsráðað er í samræmi við áherslur skólans og fjármagn.

Framhaldsnám: Framhaldsnám/fjarnám á sviði sem skólastjóri metur að tengist beint starfi viðkomandi starfsmanns er styrkt af Garðabæ með þeim hætti að starfsmanni er gefið leyfi á launum til að sækja staðbundnar lotur. Reglur um námsstyrki Garðabæjar má nálgast á [innri vef bæjarins](#). Umsóknirnar skal senda skólastjóra fyrir lok skólaárs vegna náms á næsta ári.


Jafnræði til náms: Reynt verður að jafna tækifæri til starfsþróunar hverju sinni en einnig verður tekið tillit til þátttöku starfsmannsins á fyrri árum.

Endurskoðun: Gert er ráð fyrir að starfsþróunaráætlun starfsfólks sé í stöðugri endurskoðun og geti breyst m.a. eftir aðstæðum, framboði og verkefnum hverju sinni. Starfsþróunaráætlun Garðaskóla er endurskoðuð af símenntunarnefndinni að vori og lögð fyrir starfsmannafund í lok skólaárs.

Birting starfsþróunaráætlunar: Starfsþróunaráætlun skólans er hægt að nálgast á [vefsíðu hans](#).

ENDURSKOÐUN STARFSÞRÓUNARÁÆTLUNAR

Starfsþróunaráætlun þarf að vera í stöðugri endurskoðun og hefur símenntunarnefnd Garðaskóla veg og vanda að þeirri vinnu vor hvert. Áætlunin byggir á samstarfi allra starfsmanna, stjórnenda og símenntunarnefndarinnar og þessu samstarfi verður ekki lýst með einfaldri mynd. Það er gagnvirkt og lifandi og byggir á því að allir aðilar séu vakandi fyrir breytilegum þörfum og óskum og framboði á námstækifærum hverju sinni.



STAÐA STARFSÞRÓUNARVERKEFNA Í LOK SKÓLAÁRSINS 2015-2016

Fjöldmörg verkefni voru tilgreind í starfsþróunaráætlun Garðaskóla 2014-2015. Hér er listi yfir stöðu þessara verkefna við lok skólaársins.

Hver?	Hvað?	Staða verkefnis í lok skólaárs:
Allir starfsmenn	Uppbygging – umræðufundir starfsmanna	Lítill umræða á starfsmanna-fundum, áhersla lögð á námskeið í júní 2016.
Íþróttakennarar	Skyndihjálpar og björgun fyrir kennara og annað starfsfólk sundstaða/hæfnispróf	Fellt niður vegna lokunar sundlaugar 2016-2017.
Fagmenntaðir starfsmenn	Endurskoðun skólanámskrár: Námsmat í anda Aðalnámskrár 2011/2013 og mat á lykilhæfni	Í fullri vinnslu allt skólaárið undir stjórn aðstoðarskólástjóra
Kennarar	Læsi til náms – þróunarverkefni til að efla læsi nemenda í öllum faggreinum	Öllum verkþáttum lokið í mars 2016.
Kennarar í smíði og textíl	Frá frumkvæði til framkvæmdar – Innleiðing á vinnubrögðum nýsköpunarmentar	Vinnubrögð settu mark á skólanámskrá, textilkennari fékk styrk til áframhaldandi þróunar úr Sprotasjóði.
10 kennarar og stjórnendur	SKÍN – Innra mat til eflingar faglegs skólastarfs – Þróunarverkefni í samstarfi við og Hofsstaðaskóla.	Framkvæmd skv. áætlun, styrkur til framhalds fékkst úr Þróunarsjóði grunnskóla Gbæ.
Stjórnendur, umsjónarmaður fasteignar, ritari, kennsluráðgjafi	Þróunaráætlun Garðaskóla	Verkefni lokið í júní 2016: námskeiðsdagur í ágúst, febrúar og júní.
Allir starfsmenn	Snjalltækni og önnur upplýsingatækni – vinna með nýjum kennsluráðgjafa - áhersla á „5 mínútna námskeið“ T.d. námskeið um notkun á forritum og öppum, One skjalavistunarkerfi, Námfús námskerfi, Vinnustund starfsmannakerfi o.fl.	Kennsluráðgjafi hélt fjöldmörg örnámskeið, studdi við fagdeildir og lagði drög að verkefnum næsta skólaárs.
Námsráðgjafar, kennsluráðgjafi og kennarar	GERT – efling tækni-, verk- og frumkvöðlagreina	Unnið skv. áætlun. Afraksturinn m.a. starfamessa í desember og starfsnám nemenda að vori.
Kennarar í náttúrufræði og stærðfræðideildum	Spegluð kennsla	Fagstjóri í náttúrufræði vann með Álftanesskóla.
Skólaliðar	Fræðsla um umhverfisvæn þríf í skólanum	Ólokið.
Stýrihópur	Velferð í Garðabæ – Þróunarverkefni Innleiðing á forvarn-, viðbragðs- og fræðsluáætlun.	Námskeiðsgerð lokið sumarið 2016.
Allir starfsmenn	Velferð í Garðabæ – námskeið um vinnubrögð í ofbeldisforvörnum, kynheilbrigði og réttum viðbrögðum starfsmanna.	Frestað til hausts 2016.
Allir starfsmenn Stýrt af heilsueflingarnefnd	Heilsuefling – Garðaskóli er heilsueflandi skóli: <ul style="list-style-type: none"> • gönguferðir starfsmanna • þátttaka í hjólað í vinnuna • núvitund/hugleiðsla 	Mikill afrakstur, t.d. heilsudagar starfsmanna í febrúar og maí.
Allir starfsmenn	Starfsþróunarverkefni að eigin vali. Dæmi: <ul style="list-style-type: none"> • Nokkrir starfsmenn tóku þátt í ráðstefnum um læsi • Kennarar tóku þátt í námskeiðum um kennslu bráðgerra nemenda • Fagstjóri í náttúrufræði sótti alþjóðlega ráðstefnu um náttúrufræðikennslu • Dönskukennari heimsótti skóla til að viðræða að sér þekkingu • Stærðfræðikennarar sóttu námskeið um fjölbreytta kennsluhætti í stærðfræðikennslu • Samfélagsfræðikennari vann að gerð nýs námsefnis og fleira, og fleira... 	